

Annað er það, að sumstaðar eru ekki tilfærð öll slík skip í hvert sinn sem þau koma. Þannig er t. d. flóabátum sumstaðar alveg slept, og fleiri skipum virðist slept, sem sjest meðal annars á því, að þau finnast ekki á þeim höfnum, sem þau eru á öðrum skýrslum talin koma frá eða fara til. Hitt atriðið, sem mest er ábótavant í skýrslunum, er tonnatal á uppskipuðum og útskipuðum vörum. Sumstaðar vantar jafnvel alveg að útfylla þann dálk, og á öðrum stöðum vantar allmikið á, að hann sje útfylltur svo sem vera ber.

Stjórnarráðið býst að vísu við því, að allmikil vandkvæði kunní að vera á að fá upplýsta tonnátölu á uppskipuðum og útskipuðum vörum í stórum umdæmum, þar sem skipakomur eru tíðar, en það væntir þess þó, að sýslumenn kappkosti að hafa skýrslur þessar framvegis svo vel úr garði gerðar sem föng eru á. Í sambandi við þetta skal þess getið, að í sumum umdæmum hafa sýslumenn afhent skipaafgreiðslumönnum skýrslu-eyðublöðin og látið þá sjálfa útfylla þau fyrir þau skip, sem þeir hafa afgreitt, en gert að eins sjálfir skýrslu fyrir þau skip, sem enga fasta afgreiðslumenn höfðu. Þetta hefir gefist vel og mætti gera ráð fyrir, að skýrslurnar bötnuðu, ef sýslumenn fengju skipaafgreiðslumennina sjálfa til þess að gefa skýrslurnar, en auðvitað verða sýslumenn að sjá um, að skýrslurnar sjeu í lagi.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um embættislán handa Landprestakalli.

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dags. 3. þ. m., hefir stjórnarráðið veitt prestinum í Landprestakalli, sira Ófeigi Vigfússyni á Fellsmúla, 3000 kr. embættislán með þeim kjörum, sem til eru tekin í lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, til þess að reisa á prestssetrinu Fellsmúla, íbúðarhús úr timbri 22×10 álnir að stærð, samkvæmt uppdrætti þeim, er presturinn hefir sent hingað, og nánari fyrirsögn húsameistara Rögnvaldar Ólafssonar. Húsið á að vera á velgerðum steinlimdum eða steinsteyptum grunni, og skal því fylgja eldavjel og 2 ofnar. Verður fyrri hluti lánsins útborgaður, þá er presturinn sendir hingað vottorð um að efni sje komið á staðinn, og búið er að váttryggja það, en síðari helm-ingur lánsins verður útborgaður, þá er presturinn sendir hingað nákvæma lýsingu og virðingu á húsinu ásamt vottorði um, að það hafi verið byggt samkvæmt fyrirsögn húsameistara Rögnvaldar Ólafssonar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um útbýting jarðskjálftasamskotafjár frá árinu 1896.

Frá jarðskjálftasamskotanefndinni frá árinu 1896 barst stjórnarráðinu afgangur af jarðskjálftasamskotafje frá tjeðu ári, að upphæð 172 kr. 37 au. (Stjórnartíðindi 1907, B. bls. 165). Fje þetta hefir síðan staðið á vöxtum og er nú orðið 215 kr. 77 au. Þessi upphæð er hjermeð send yður, herra sýslumaður, til þess að þjer útbýtið henni til manna í sýslu yðar, sem beðið hafa tjón af jarðskálftanum nú í vor, og þarfnast styrks til að standast tjónið.

Skýrslu um útbýtingu fjár þessa og kvittanir þeirra, sem styrk fá af því, ber yður að senda hingað.

78
6. júlí

79
8. júlí

80
18. júlí